
Í dagsins önn



Á flækingi

Hrafn Gunnlaugsson og vinir hans í Sjálfstæðisflokknum hafa skipulagt herferð til að endurreisa Hrafn. Það veitir ekki af því að orðspor Hrafns er slíkt að sjálfstæðismenn eru upp til hópa komnir með óbragð í munninn, þetta sama bragð og maður fær við að horfa á pervertuna í myndum leikstjórans. Hrafn hefur þverbrotið þær reglur sem flestir telja að eigi að gilda í samskiptum manna á milli og með afar ósæmilegum hætti nýtt sér tengsl sín við forsætisráðherra og aðra valdamenn til að skara eld að eigin köku.

Hrafn er sú manngerð sem kann sér ekki hóf og því miður eru þeir menn sem þjóðin hefur treyst til mannaforráða, forsætisráðherra og mennamálaráðherra hér meðtaldir, ekki skynsamari en svo að þeir leyfa leikstjóranum að leika lausum hala. Þess vegna höfum við þurft að horfa upp á hverja ömurlegu uppákomuna eftir aðra. Morgunblaðið sleikir afturendann á Hrafni leiðara eftir að hann hefur borið í ritstjóra blaðsins trúnaðarbréf sem útvarpsstjóri skrifaði af fákænsku útkjálkamannsins sem heldur sig heimsborgara af því að minna ber á fjósalyktinni en áður.

Forsætisráðherra og menntamálaráðherra véla svo um að Hrafn er ráðinn í valdameiri stöðu en hann var rekinn úr hjá Sjónvarpinu og annað er á sömu bókina lært. Þótt Hrafn hafi þannig getað skákað í skjóli valdamanna hefur það ekki komið í veg fyrir að almenningur hefur hneykslast á framferði hans og menn vítt og breitt um þjóðfélagið velta fyrir sér dómgreind Davíðs Oddssonar forsætisráðherra fyrir að leggja lag sitt við leikstjórann hóflausa. Þess vegna ríður á að endurreisa Hrafn, til að hann verði selskapshæfur með forsætisráðherra.

Þeir voru margir sem létu í ljós andúð á framferði Hrafns þegar sjóðasukkið og embættisveitingarnar komust í hámæli. En í stað þess að Hrafn og hans kompaní svari almennt fyrir sig og réttlæti gjörðir sínar, að ekki sé talað um að þetta lið biðjist afsökunar á sjálftektaræðinu, þá er sú leiðin valin að taka einn úr hópi þeirra sem gagnrýndu Hrafn og níða hann hann niður. Sá sem varð fyrir valinu er Svavar Gestsson alþingismaður. Hrafn og kjölturakkinn hans, Baldur Hermannsson, hafa skrifað greinar í blöð og komið fram í viðtölum til að lýsa því hversu vondur maður Svavar Gestsson er.

Hrafnsliðið trúir því að það takist að hreinsa skjöld leikstjórans með atlögu að æru Svavars. En þetta sannar bara það sem sumir vissu og marga grunaði: Pervertisminn í afurðum HrafnsBaldurs er engin tilviljun heldur opinberun á þeirra innsta eðli.

„Dæmdur saklaus“



Ásta Svavarsdóttir

Ýmsum þýðingum skín orðalag erlenda textans óþægilega mikið í gegn. Íslenska gerðin verður þá klúðurslegri en skyldi og þegar verst lætur getur ofurnákvæm þýðing, þar sem textinn er þyddur orð fyrir orð, leitt til þess að merkingin verði beinlínis villandi.

Ekki alls fyrir löngu rakst ég á dæmi þessa í þýddri blaðagrein. Þar sagði á einum stað að einhver yrði líklega „dæmdur saklaus“. Samkvæmt orðanna hljóðan liggur beinast við að skilja þetta svo á íslensku að þótt maðurinn væri saklaus yrði hann eigi að síður dæmdur sem sekur væri. Af frásögninni mátti hins vegar ráða að það sem átt var við væri raunverulega það að viðkomandi yrði líklega *sýknaður*, hann *hlyti sýknudóm*.

Þýðendum dugar ekki að snúa hverju orði fyrir sig, það verður að huga að samhengi orðanna og vera á varðbergi gagnvart ýmiss konar orðasamböndum sem geta þýtt eitthvað allt annað en virst getur við fyrstu sýn. Þótt fyrsta spurningin sem blasir við sé oftast „Hvað þýðir orðið?“ er sú næsta þó enn mikilvægari: „Hvernig orðar maður hugsunina á íslensku?“ Aðall góðra þýðinga er að textanum sé ekki einungis snarað af einu máli á annað heldur sé hann raunverulega íslenskaður.

Í framhaldi af því má benda þeim sem eitthvað fást við þýðingar á ágæta handbók sem kom út fyrir nokkrum árum, *Um þýðingar*, eftir Heimi Pálsson og Höskuld Þráinsson. Þar eru ýmsar góðar og gagnlegar ábendingar og mikið af skemmtilegum og lærdómsríkum dæmum, bæði um þýðingar sem vel hafa tekist og aðrar sem betur mættu fara.



Málhornið

Sviðsljós

Ljóðasýning Þorsteins frá Hamri


Þorsteinn frá Hamri bætist nú í hóp sýnenda á ljóðasýningum Kjarvalsstaða, en sýning á ljóðum hans verður opnuð þar á morgun, laugardag.

Fyrsta ljóðabók Þorsteins kom út þegar hann stóð á tvítugu og síðan hefur hann sent frá sér ellefu til viðbótar auk þriggja skáldsagna og annarra ritverka.

Tilvistarvandi nútímamannsins er sífellt yrkisefni Þorsteins. Þótt mörg ljóða hans séu innhverf þá fjalla þau jafnan um mannlífið í kring, um mannleg samskipti og samábyrgð mannsins í heimi þar sem mörg dýrmæt gildi fara forgörðum. Vanda og efahyggju nútímans skyggnir hann gjarnan í skuggsjá sögunnar og landsins, náttúru og veðurfars, oft með vísunum til fyrri tíðar og margskonar bókmennta. Hann deilir á stíðsrekstur og valdníðslu og beinir athyglinni að óheilindum og sinnuleysi í fari manna og leitar að frumhvötunum að baki breytni þeirra. Vandamál skáldskapar og orðabúskapar eru einnig eftirminnileg yrkisefni Þorsteins.

Ljóðstíll Þorsteins frá Hamri er margvíslegur. Hann yrki bæði háttbundið og óbundið og ljóðform hans er oft frjálslegt með ýmsum eigindum hefðbundins kveðskapar. Orðfærið er vandað og hnitmiðað og hugblærinn mótar lágværan hljóm málsins en hiti og alvara er í tilfinningum ljóðanna. Kaldhæðni er eitt af stíleinkennum Þorsteins og síðast en ekki síst kröftugar og markvissar ljóðmyndir.

Ljóðasýningar Kjarvalsstaða, sem unnar eru í samvinnu við Ríkisútvarpið - Rás eitt, hafa verið fastir liðir á dagskrá safnsins síðan 1991 og vakið mikla athygli. Með þeim hafa opnast nýir möguleikar fyrir íslensk skáld í rými sem áður var helgað myndlistinni en jafnframt vekja sýningarnar spurningar um stöðu ljóðlistarinnar í dag.



Þorsteinn frá Hamri. *Ljósmynd: Spessi*

Sviðsljós



Daníels Þ. Magnússon. *Ljósmynd: Spessi*

Daníel Magnússon með sýningu á Kjarvalsstöðum

Á morgun kl. 16 opnar að Kjarvalsstöðum sýning á verkum Daníels Þ. Magnússonar. Daníel er fæddur í Reykjavík 1958 og nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1983-1987. Hann var síðan aðstoðarmaður Jóns Gunnars Árnasonar myndhöggvara 1987-1988.

Daníel hefur tekið þátt í samsýningum í Reykjavík, Danmörku, Hollandi og nú síðast í London þar sem hann sýndi í Butlers Wharf. Hann hefur einnig haldið einkasýningar hér á landi og erlendis, þá fyrstu í Nýlistasafninu 1989 og á þessu ári hélt hann einkasýningu í Van Den Berge galleríinu í Hollandi.

Hann hefur gert margar leikmyndir fyrir leikhús, sjónvörp, tónlistarmyndbönd og kvikmyndir og hann tók einnig þátt í lokaðri samkeppni um gerð listaverks í Borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 1991.

Sýningin er opin daglega frá kl. 10.00 til 18.00 og stendur til sunnudagsins 12. september.